

Alþingi
Erindi nr. P 130/975

komudagur 11. 2. 2004

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 -

Slóðir: www.mannrettindi.is og www.humanrights.is

Netfang: icehr@humanrights.is

Til nefndasviðs Alþingis
V/ Austurvöll
150 Reykjavík.


Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist í hendur frumvarp til laga um fullnustu refsinga sem mun hafa verið lagt fram á Alþingi er þing kom saman eftir áramótin.

Enda þótt MRSÍ hafi ekki fengið frumvarpið sent frá Alþingi með ósk um umsögn telur hún óhjákvæmilegt að senda því athugasemdir sínar þar sem hún telur margt í frumvarpinu afar óheppilegt og andstætt ákvæðum mannréttindalaga.

Umsögning fylgir hér með ásamt fjórum fylgiskjölum.

Með virðingu

Reykjavík 9. febrúar 2004.



Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.
Mannréttindaskrifstofu Íslands

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 –

Slóðir: www.mannrettindi.is og www.humanrights.is

Netfang: icehr@humanrights.is

U M S Ö G N

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

UM FRUMVARP TIL LAGA UM FULLNUSTU REFSINGA,

ÞSKJ. 673 – 465. MÁL.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (hér eftir MRSÍ) hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp með hliðsjón af mannréttindaákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um borgaraleg og stjórn mála réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu, með tilteknum fyrirvörum, hinn 22. ágúst 1979, Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu hinn 19. júní 1990 og samningi SÞ gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu hinn 23. október 1996. Ennfremur hefur MRSÍ litið til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um málefni fanga og ýmissa ályktana Evrópuráðsins, einkum tillagna um fangelsisreglur sem samþykktar voru hinn 12. febrúar 1987 – hér eftir nefndar Evrópureglurnar frá 1987.

Sé tekið mið af fyrirliggjandi lögum um fangelsi og fangavist má segja frumvarpið sé að því leyti til bóta að það er ítarlegra og ýmislegt tekið þar inn úr reglugerðum þeim, sem vísað er til í greinargerðinni með frumvarpinu. Hinsvegar eru í því ýmis varhugaverð ákvæði og önnur ófullnægjandi sem MRSÍ telur sér skylt að gera athugasemdir við svo sem:

1. Ákvæði um vistun afplánunarfanga í fangageymslum lögreglum.
2. Menntunarkröfur forstöðumanna fangelsa.
3. Valdbeitingarheimild fangavarða.
4. Þagnarskyldu fanga og starfsfólks fangelsa.
5. Vistun ungmenna með fullorðnum föngum.
6. Réttindi fanga í sambandi við flutninga milli fangelsa og fangelsisdeilda.
7. Læknisskoðanir fanga.
8. Leyfi fanga.
9. Líkamsleit á gestum fanga og
10. kærueimildir.

Verður nú farið yfir greinar frumvarpsins lið fyrir lið.

UMSÖGN UM EINSTAKAR LAGAGREINAR FRUMVARPSINS.

I. kafli. Stjórn og skipulag fangelsismála.

1. – 2. gr.

Engar athugasemdir.

3. gr., 1. og 2. mgr:

MRSÍ mælir gegn því að gæsluvarðhaldsfangar verði vistaðir í fangelsi ásamt afplánunarföngum. Sú tilhögun er í beinni andstöðu við alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, 10. gr. og samrýmist ekki þeirri grundvallarreglu, að hver maður skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum, sbr. og Evrópureglurnar frá 1987, 11.gr. 3.mgr.¹

3. gr., 3. og 4. mgr:

Að mati MRSÍ er nauðsynlegt að kveðið sé á um hámarkstíma, 1-2 sólarhringa í mesta lagi, í fangageymslum lögreglu, hvort heldur er um að ræða afplánunarfanga eða gæsluvarðhaldsfanga. Því aðeins gæti slík vistun komið til greina, að aðbúnaður væri sambærilegur við fangelsi, t.a.m. aðstæður til útivistar, fræðslu og samneytis við annað fólk en því er væntanlega ekki að heilsa í fangageymslum lögreglustöðva hér á landi. MRSÍ hlýtur að mótmæla þessu ákvæði enda gengur það í berhögg bæði við 3.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 7.gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

4. gr.

Engar athugasemdir.

5. gr.

Hér vantar að mati MRSÍ, að tilgreint sé hverjar kröfur skuli gerðar um menntun forstöðumanna fangelsa. Er ekki einu sinni áskilnaður um að þeir hafi lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Í nútíma þjóðfélagi ætti fortakslaust að gera kröfu um háskólamenntun til slíks starfs og jafnframt að áskilja að viðkomandi hafi notið tiltekinnar fræðslu um mannréttindi.

6. gr.

Engar athugasemdir.

7.gr.

Að mati MRSÍ er þetta ákvæði varhugavert. Vafalaust kunna þau tilvik að koma upp að valdbeiting af hálfu fangavarda sé óhjákvæmileg en hætt er við að fangaverðir gætu gengið lengra í þeim efnum en nauðsyn krefðist ef lagaheimild til valdbeitingar væri

¹ In principle, untried prisoners shall be detained separately from convicted prisoners unless they consent to being accommodated or involved together in organised activities beneficial to them.

orðuð eins rúmt og hér er gert. Að mati MRSÍ er nauðsynlegt að þrengja heimildina á þann hátt, að fangaverðir skuli aldrei beita valdi nema í sjálfsvörn eða öðrum til bjargar og þá aldrei umfram brýnustu þörf og því aðeins, að engin önnur úrræði séu fyrir hendi. Vísast hér til 63. gr. Evrópureglanna frá 1987.²

8. gr.

Að mati MRSÍ er þetta ákvæði **afskaplega varhugavert**. Vissulega er sjálfsagt að kveða á um þagnarskyldu um einkahagi bæði fanga og starfsmanna fangelsa, persónulegar aðstæður þeirra og ýmis atvik sem upp kunna að koma innan múranna. Annað mál er að kveða á um þagnarskyldu um “starfshætti fangelsa og fangelsisyrvalda”. Ekki verður annað séð af orðalagi ákvæðisins en að þagnarskyldan skuli verða fortakslaus. **Hvorki þar né annars staðar í frumvarpinu er gert ráð fyrir neinu utanaðkomandi eftirliti með starfsemi fangelsa**. Virðist hér til dæmis komið í veg fyrir að hvort heldur er starfsmenn eða fangar geti komið á framfæri athugasemdum um starfshætti í fangelsum sem þeir kunna að telja brot á réttindum fanga. Sú spurning hlýtur að vakna hvernig starfsmenn og fangar eiga að bregðast við þegar pyntingavarnanefnd Evrópu kemur í könnunarferðir sínar til Íslands. Er þeim óheimilt að svara spurningum hennar?

Þegar þetta atriði er skoðað í ljósi hugmynda er fram hafa komið um að heimila uppsagnir opinberra starfsmanna án undanfarandi áminninga verður ekki annað séð en unnið sé að því leynt og ljóst að hefta tjáningarfrelsi þeirra langt umfram það sem verið hefur. Ljóst er að það kann að auðvelda yfirmönnum opinberra stofnana að beita agavaldi sínu gagnvart þeim starfsmönnum sem kunna að hafa sjálfstæðar skoðanir en hætt er við að afleiðingarnar verði afdrifaríkar fyrir almenning í landinu þegar fram í sækir – enda vísir menn sagt að ekkert sé eins hættulegt heilbrigði lýðræðislegs samfélags og óhóflega hlýðnir opinberir starfsmenn. Þetta ákvæði gæti - ef lögleitt yrði - leitt til þess að hylmað yrði yfir misbeitingu valds og mannréttindabrot í íslenskum fangelsum.

II. kafli. Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga og fl.

A. Almenn (gr. 9. – 16)

9.gr. – 10. gr..

Engar athugasemdir.

² 1. Staff of the institutions shall not use force against prisoners except in self-defence or in cases of attempted escape, or active or passive physical resistance to an order based on law or regulations. Staff who have recourse to force must use no more than is strictly necessary and must report the incident immediately to the director of the institution.

2. Staff shall as appropriate be given special technical training to enable them to restrain aggressive prisoners.

3. Except in special circumstances, staff performing duties which bring them into direct contact with prisoners should not be armed. Furthermore, staff should in no circumstances be provided with arms unless they have been fully trained in their use.

11. gr., 2. mgr.

MRSÍ leggur til að í lok þessarar málsgreinar verði bætt við: “...*nema sérstakar ástæður réttlæti frestun*”. Síðasta setning málsgreinarinnar er full afdráttarlaus og gefur enga möguleika til undantekninga, hversu brýnar ástæður sem kunna að vera fyrir hendi.

11. gr., 4. mgr.

Spurning er hvort ekki væri glegggra að orða málsgreinina svo: “*Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki **aftur** refsiverðan verknað*”.

12. gr.

Engar athugasemdir

13. gr.

Í 2. málslið þessa ákvæðis er svo að sjá sem fangelsisýfirvöldum sé í reynd veitt heimild til að lengja refsitíma viðkomandi fanga. Að mati MRSÍ gengur ákvæðið gegn þeirri grundvallarreglu að dómstólar dæmi refsingu fyrir afbrot en fangelsismálayfirvöld sjái um að framfylgja henni. Framkvæmdavaldinu virðist hér veitt heimild til að seilast um of inn á svið dómssvaldsins.

14. gr. 1. mgr.

Í þessari grein þyrfti að taka skýrar af skarið með að ungir brotamenn ættu ekki að afplána refsingu með fullorðnum föngum, sbr. 10. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna (SP) um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi³, en þar kemur fram að ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu. Væri æskilegt að afmarka nánar í frumvarpinu meðferð ungra fanga. Markmið afplánunar ætti fyrst og fremst að vera betrun og félagsleg endurhæfing fanga – sbr. 3. mgr. 10. gr. fyrrnefnds samnings - enda verður ætíð að hafa í huga að flestir ef ekki allir snúa þeir til þjóðfélagsins á ný að afplánun lokinni. Því ber að hafa í huga þau áhrif sem eldri fangar kunna að hafa á unga fanga sem ekki hafa áður komist í kast við lögin. Sérstaklega þyrfti að hvetja unga fanga til náms eða starfsþjálfunar meðan á afplánun stendur og aðstoða þá til þess, t.d. m.t.t. námsörðugleika eða fötlunar, og stuðla þannig að því að fangelsisvistin geti orðið þeim uppbyggileg að því marki sem unnt er.

14. gr. 2. mgr. – 4. mgr.

Þar sem fjallað er um flutning fanga frá einu fangelsi til annars meðan á afplánun stendur væri æskilegt að taka fram að hann skuli vera sem minnst áberandi og fara fram af eins mikilli tillitssemi og nærgætni við fangann og unnt er, til að vernda hann gegn hugsanlegu aðkasti almennings og kastljósi samfélagsins, sbr. Evrópureglurnar frá 1987 50. gr.⁴ Eðlilegt væri og sanngjarnt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að

³ Þrátt fyrir fyrirvara Íslands við þetta ákvæði þegar samningurinn var staðfestur.

⁴ 50. gr. 50.

1. When prisoners are being removed to or from an institution, they shall be exposed to public view as little as possible, and proper safeguards shall be adopted to protect them from insult, curiosity and publicity in any form.

flytja hann milli fangelsa og jafnvel klefa, ef flutningurinn raskar hagsmunum hans til hins verra. Þyrftu fangar jafnframt að geta vísað ákvörðunum þar um til ráðuneytisins, hvort sem þær eru í valdi forstöðumanna fangelsanna eða Fangelsismálastofnunar.

15. – 16. gr.

Engar athugasemdir.

B. Fullnusta í fangelsi (gr. 17. – 24.)

17. gr., 3. mgr.

Að mati MRSÍ er þessi málsgrein mjög varhugaverð og felur í sér allt of víðtækar heimildir til að hindra að fangi geti tilkynnt aðstandendum sínum og lögmanni um að afplánun sé hafin eða um flutning milli fangelsa, þannig að í raun væri hægt að halda fanga innan fangelsismúra með leynd. Þessi málsgrein er þannig orðuð að um sérstaka ívilnun til handa fanga sé að ræða, en í raun eiga það að vera sjálfsögð réttindi fanga að geta tilkynnt aðstandendum og lögmanni sínum um upphaf afplánunar eða flutning milli fangelsa.

18. gr.

Í þessari grein þyrfti að taka fram, að reglur fangelsisins skuli kynntar fyrir föngum þannig að þeir geti skilið hvað í þeim felst, t.d. þegar um er að ræða erlenda menn, sem ekki skilja málið, heyrnardaufa og ólæsa fanga, sem og þá sem eiga við að etja fötlun af einhverju tagi og kunna því að hafa sérþarfir af þeim sökum.

19. gr., 1. mgr.

Að mati MRSÍ þyrfti að taka fram að störf, sem fanga séu falin, megi hvorki vera andstæð lögum eða góðu siðferði né til þess fallin að skerða réttindi annarra fanga.

19. gr. 3 mgr.

Varhugavert er að mati MRSÍ að gera upp á milli fanga þannig að sumir greiði fyrir upphald sitt og aðrir ekki. Hinsvegar mætti e.t.v. heimila forstöðumanni fangelsis að hafa forgöngu um að hluti launa fangans falli til maka hans eða barna séu þau fyrir hendi ellegar að sjá til þess að hluti launanna sé lagður á bankareikning sem fanganum verði afhentur við lok fullnustu. Ennfremur mætti íhuga, að forstöðumaður gæti heimilað fanganum að nýta aflafé sitt í þágu menntunar sinnar.

20. gr.

Hér eru athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins áréttáðar hvað varðar námsaðstoð við þá fanga sem þurfa þess með en hafa þó vilja til þess að leggja stund á nám meðan á afplánun stendur. Hér má nefna bæði þá sem kunna að eiga við námsörðugleika að etja, vantar grunnkunnáttu eða stríða við fötlun af einhverju tagi.

2. The transport of prisoners in conveyances with inadequate ventilation or light, or in any way which would subject them to unnecessary physical hardship or indignity shall be prohibited.

3. The transport of prisoners shall be carried out at the expense of the administration and in accordance with duly authorised regulations.

21. – 22. gr.

Engar athugasemdir.

23. gr.

MRSÍ telur brýnt að fangi undirgangist ætíð læknisskoðun þegar hann hefur afplánun refsingar til þess að engin þau slys verði í meðferð fangans sem rekja mætti til heilsufarsástæðna, sbr. og Evrópureglurnar frá 1987, 26. gr.⁵. Þá er vakin athygli á heilsugæslukafli Evrópureglanna í heild, 26. – 32. gr., sem fylgir með þessari umsögn sem fylgiskjal nr. II.

24. gr.

Það væri til bóta ef aðstaða þeirra kvenfanga sem hafa börn sín hjá sér í fangelsum væri nánar skilgreind. Þá er m.a. átt við aðstöðu móður og barns í fangaklefa og gæslu eða umönnun barns á meðan móðir þess er fjarverandi, t.d. vegna vinnu, náms eða tómsunda í afplánunni.

C. Fullnusta utan fangelsis (gr. 25. – 26.)

25. gr.

Engar athugasemdir.

26. gr.

Varðandi 1. mgr. greinarinnar vísast til athugasemda við 6. kafla frumvarpsins.

Þá er gerð athugasemd við 2. mgr., um að fanga skuli ekki gefinn kostur á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný, af þeim ástæðum að forsendur vistunar fangans utan fangelsis séu taldar brostnar. Sýnist eðlilegt að útskýringar fangans liggi fyrir áður en slík ákvörðun er tekin til að fyrirbyggja misskilning eða atvik sem fanginn hefur hugsanlega ekki átt sök á. Að öðrum kosti væri rétt að fangi undirritaði fyrirfram viljayfirlýsingu þess efnis að hann sé reiðubúinn að gangast undir þau skilyrði sem greinin setur.

D. Samfélagsþjónusta (gr. 27. – 31.)

27. – 31. gr.

Engar athugasemdir.

⁵ 26.1 At every institution there shall be available the services of at least one qualified general practitioner. The medical services should be organised in close relation with the general health administration of the community or nation. They shall include a psychiatric service for the diagnosis and, in proper cases, the treatment of states of mental abnormality.

2. Sick prisoners who require specialist treatment shall be transferred to specialised institutions or to civil hospitals. Where hospital facilities are provided in an institution, their equipment, furnishings and pharmaceutical supplies shall be suitable for the medical care and treatment of sick prisoners, and there shall be a staff of suitably trained officers.

3. The services of a qualified dental officer shall be available to every prisoner.

III. kafli. Réttindi og skyldur fanga.

32. gr.

Engar athugasemdir.

33. gr.

Hér er vakin athygli á þeirri ríku áherslu sem Evrópuráðið leggur á mikilvægi þess að fangar geti haft samskipti við fjölskyldu og vini, og samfélagið í heild eftir því sem unnt er, sbr. Evrópureglurnar frá 1987, 43. gr.⁶ sbr. og IV kafla þeirra, sem fylgir með umsögn þessari sem fylgiskjal nr. I. Með hliðsjón af mikilvægi samskipta fanga við fólk utan fangelsismúranna, sem þátt í uppbyggilegri meðferð fanga, þykir orðalag I. mgr. nokkuð þröngt. Lagt er til að orðalagið verði rýmkað eða bætt verði við greinina að leitast skuli við að leyfa heimsóknir til fanga, eftir því sem unnt er.

Gerð er athugasemd við 6. mgr., sem gerir ráð fyrir að heimilað verði að leita á þeim sem heimsækja fanga og láta þá gangast undir líkamsrannsókn. Fráleitt þykir að þetta verði gert án samþykkis viðkomandi gesta. Hér er reyndar um að ræða afar íþyngjandi aðgerð, sem gæti fælt gesti frá heimsóknum til fanga – auk þess sem um er að ræða skerðingu á persónurétti gestanna. Á hinn bóginn geta þær aðstæður verið fyrir hendi að brýnt sé að fylgjast með því sem föngum er fært utan að. Til að fyrirbyggja handahófskenndar ákvarðanir af þessu tagi ætti því aðeins að heimila, að farið væri fram á slíka leit, að fyrir lægi rökstuddur grunur um að gesturinn hafi eitthvað það meðferðis sem ekki má berast fanganum. Ætti því að kynna bæði gesti og fanga ástæður leitar/líkamsrannsóknar. Á hinn bóginn ætti að vera heimilt að vísa gestinum frá neiti hann að gangast undir leitina – eða sjá til þess að hann hitti fangann í sérstöku herbergi þar sem unnt er að leita á fanganum að heimsókninni lokinni til að kanna hvort honum hefur verið fært einhverskonar bannvara. Æskilegt væri að taka fram í ákvæðinu að ákvarðanir um líkamsleit á gestum væru kæránlegar til ráðuneytis.

34. gr. – 35. gr.

Engar athugasemdir.

36. gr.

At mati MRSÍ ætti að tilkynna fanga fyrirfram um ákvörðun um hlustun á símtöl eða upptöku þeirra. Markmiði þessara ákvæða svo sem þeim er lýst í greinargerð með frumvarpinu ætti eins að vera unnt að ná – og jafnvel betur – með því að fanginn viti fyrirfram að hann muni ekki komast upp með þá ósvinnu sem þar er lýst.

⁶ 1. Prisoners shall be allowed to communicate with their families and, subject to the needs of treatment, security and good order, persons or representatives of outside organisations and to receive visits from these persons as often as possible.

2. To encourage contact with the outside world there shall be a system of prison leave consistent with the treatment objectives in Part IV of these rules.

37. gr. – 39. gr.

Engar athugasemdir.

40. gr.

MRSÍ teldi það til bóta, að ákvæði frumvarpsins varðandi erlenda fanga yrðu útfærð nánar, með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins frá 21. júní 1984, en þar segir m.a. að leita eigi leiða til að vinna gegn fordómum sem erlendir fangar kunna að verða fyrir og sporna gegn félagslegri einangrun þeirra eftir því sem frekast er unnt.⁷ Tilmælin fylgja með umsögn þessari. Hér þarf jafnframt að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 44. gr. – 45. gr. Evrópureglanna.⁸

41. gr. – 42. gr.

Engar athugasemdir.

IV. kafli. Leyfi úr fangelsi.

Almennar athugasemdir við kaflann.

Í almennum athugasemdum við þennan kafla frumvarpsins þykir rétt að vekja athygli á tilmælum Evrópuráðsins frá 24. september 1982, um leyfi fanga til dvalar utan fangelsis, en þar segir m.a. að leyfi úr fangelsi geri fangelsin mannúðlegri og stuðli að betri aðlögun fanga að samfélaginu á nýjan leik. Tilmælin fylgja með umsögn þessari, fylgiskjal nr. III. Hvetur Evrópuráðið til rýmkunar á leyfi úr fangelsi, og að það verði veitt m.a. af menntunarlegum og félagslegum ástæðum, eftir því sem unnt er og kringumstæður gefa tilefni til, sbr. 1. gr. – 3. gr. tilmællanna. Með hliðsjón af því eru ástæður leyfis úr fangelsi of þröngt afmarkaðar í þessum kafla. Jafnframt leggur Evrópuráðið áherslu á að föngum sé skilmerkilega greint frá ástæðum þess að beiðni þeirra um leyfi sé hafnað. Fangar ættu einnig að hafa möguleika á að fá ákvörðunina endurskoðaða og ekki ætti að beita fanga

⁷ The principles should be applied so as to ensure that the treatment of foreign prisoners is conducive to their social resettlement. This might require adopting particular measures in relation to particular categories of foreign prisoners, taking into account such factors as nationality, language, religious precepts and customs, cultural background, length of sentence, and liability to expulsion. Every reasonable effort should be made to ensure that the treatment of foreign prisoners does not lead to their being disadvantaged.

⁸ 44. 1. Prisoners who are foreign nationals should be informed, without delay, of their right to request contact and be allowed reasonable facilities to communicate with the diplomatic or consular representative of the state to which they belong. The prison administration should co-operate fully with such representatives in the interests of foreign nationals in prison who may have special needs.

2. Prisoners who are nationals of states without diplomatic or consular representation in the country and refugees or stateless persons shall be allowed similar facilities to communicate with the diplomatic representative of the state which takes charge of their interests or national or international authority whose task it is to serve the interests of such persons.

45. Prisoners shall be allowed to keep themselves informed regularly of the news by reading newspapers, periodicals and other publications, by radio or television transmissions, by lectures or by any similar means as authorised or controlled by the administration. Special arrangements should be made to meet the needs of foreign nationals with linguistic difficulties.

agaviðurlögum að þessu leyti, þ.e. neita föngum um leyfi sem agaviðurlög, nema þeir hafi orðið uppvisir að því að misnota með einhverjum hætti þennan möguleika á veittu leyfi úr fangelsi.

43. gr.

Hér er heimild til handa fanga að heimsækja fjölskyldu sína og vini, *“ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullmustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun”* Hér telur MRSÍ rétt að vísa til Evrópureglanna frá 1987 en þar segir í 70. gr. að byrja skuli svo fljótt sem auðið er eftir upphaf afplánunar á refsivist að búa fanga undir lok afplánunar, sbr. IV kafla reglnanna, sbr.fylgiskjal I. Ákvæði 43. gr. vekur upp ýmsar spurningar, sem etv er ekki hægt að svara í lögum. Ætla mætti að heimsóknir fanga til vina og vandamanna væru alltaf heppilegur þáttur til að búa hann undir að ljúka afplánun. Þó fer það e.t.v. eftir því hverjir og hvernig vinirnir og vandamennirnir eru. Að mati MRSÍ þyfti þriðji aðila að geta komið að þessu mati, annaðhvort ráðuneytið eða skilorðsfulltrúar Fangelsismálastofnunar. Brýnt er að vel sé hugað að öllu því sem verða mætti til að auðvelda föngum og búa þá undir að fara út í þjóðfélagið á ný.

44. gr.

Tímamörkin 8 klst. hámark í 1. mgr. þessarar greinar – í tilvikum 1 – 4, eru að mati MRSÍ of þröng. Hér ræðir um mikilvæga tilfærningaþrungna atburði og ætti því að gefa föngum rýmri tíma með ástvinum sínum við þessar kringumstæður, að minnsta kosti að taka fram að þessar 8 klst séu fyrir utan ferðir fram og tilbaka, því misjafnlega langan tíma kann að taka fyrir fangann að komast í og úr áfangastað.

45. gr.

Engar athugasemdir.

46. gr.

MRSÍ hefur miklar efasemdir um réttmæti þeirra skilyrða sem kveðið er á um í 1. mgr. Talið er að fyrsta ár afplánunar sé föngum hvað erfiðast og því mikilvægt fyrir andlega heilsu þeirra að þeir geti fengið fyrr að komast út fyrir veggi fangelsisins til að hitta vini og vandamenn. MRSÍ telur að ætíð verði að hafa í huga að fangarnir eiga eftir að fara út í þjóðfélagið á ný og því beri að gera allt sem unnt er til að skila þeim þangað aftur sem heilustum á líkama og sál – ella eins víst að fleiri fari fljótt aftur bak við lás og slá eða lífi við andleg örkuð það sem eftir er, sjálfum sér og þjóðfélaginu til byrði.

49. gr.

MRSÍ þykir rétt að taka það fram að þá leyfi til dvalar utan fangelsis er veitt í fylgd með fangavörðum þá skuli fangaverðirnir ávallt vera óeinkennisklæddir og gæta skuli þess eins og kostur er að engar vísbendingar séu um að þar sé fangi á ferð. Það er nauðsynlegt til að fanginn upplifi ekki þá niðurlægingu að vera merktur sem afplánunarfangi gagnvart samfélaginu. Við þessar kringumstæður þarf að sjálfsögðu einnig að taka tillit til fjölskyldu viðkomandi fanga.

50. gr. – 51. gr.

Engar athugasemdir.

52. gr.

Varðandi síðasta málslið 2. mgr., sjá athugasemdir MRSÍ við 6. kafla frumvarpsins.

V. kafli. Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.**53. gr.**

Engar athugasemdir.

54. gr.

Gerð er athugasemd við, að ekki sé áskilið að rökstuddur grunur leiði til þess að leitað sé á fanga. Þykir eðlilegt að gera slíka kröfu þar sem um íþyngjandi aðgerð er að ræða, til að koma í veg fyrir að ákvörðun um líkamsleit á fanga verði ekki handahófskennd, auk þess sem samræmis væri þá gætt við aðrar greinar þessa kafla, þar sem ákvörðun um leit í klefa og líkamsrannsókn skuli teknar með rökstuddri bókun. Ef ástæður þykja mjög brýnar kæmi til greina að gefa viðkomandi fanga rökstuddar skýringar á líkamsleitinni eftir að hún hefur farið fram.

55. gr. – 57. gr.

Engar athugasemdir.

VI. kafli. Agaviðurlög og fl.**58. gr.**

Hér verður að áréttu hversu þungbær einangrun er fyrir þann sem henni sætir. Því er nauðsynlegt að taka fram að því úrræði megi aðeins beita þegar brýna nauðsyn ber til og þá í eins skamman tíma og unnt er vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem það getur haft í för með sér fyrir heilsu fanga, ekki síst andlegra afleiðinga einangrunar fyrir heilsu viðkomandi fanga. Ber því að beita þessu alvarlega úrræði með mikilli varkárni. Einangrun getur brotið mjög niður andlegt þrek og lífsþrótt þess sem henni sætir og setur MRSÍ því spurningamerki við ákvæði 3. tl. 1. mgr. greinarinnar um einangrun í allt að 30 daga. Ákvörðun um svo langa einangrun ætti ekki að taka nema með leyfi frá ráðuneytinu eða jafnvel dómara. Taka þyrfti skýrt fram að ástæður einangrunar væri tæmandi taldar í 59. gr.

59. gr. – 61. gr.

Í 4. mgr. 59. gr. og 2. mgr. 60. gr. þykir rétt að setja skilyrði um brýna nauðsyn. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 58. gr.

62. gr.

Engar athugasemdir.

63. gr.

Hér eru athugasemdir við 58. gr. áréttaðar; eðlilegt er að setja skilyrði um að heimild skv. þessu ákvæði sé aðeins notuð ef brýna nauðsyn bæri til. Þá ætti fangi að geta skotið slíkri ákvörðun til æðra stjórnvalds til endurskoðunar.

64. gr. Engar athugasemdir.

VII. kafli. Reynslulausn. (gr. 65. – 67.)

65. – 67. gr.

Engar athugasemdir.

VIII. kafli. Skilorðsbundnar refsingar. (gr. 68. – 71.)

68. – 71. gr.

Engar athugasemdir.

IX. kafli. Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.

72. – 77. gr.

Engar athugasemdir.

X. kafli. Málsmeðferð og kæruheimildir.

78. gr.

Ákvæði um kæranlegar ákvarðanir til ráðuneytis eru nokkuð óljós í þessu frumvarpi að mati MRSÍ. Óljóst er hvaða ákvarðanir falla undir 1. mgr. 78. gr., þ.e. þær sem forstöðumaður tekur að höfðu samráði við fangelsismálastofnun. Ýmist er talað um að forstöðumaður fangelsis eða fangelsismálastofnun taki ákvarðanir. Ákvæði um kæruheimild þyrfti að vera alveg skýr í lögunum.

XI. kafli. Ýmis ákvæði.

79. gr.

Hér eru áréttaðar athugasemdir MRSÍ við 10. gr. frumvarpsins, sem og þá kafla sem greinin vísar til.

80. gr. – 84. gr.

Engar athugasemdir.

Reykjavík 9. febrúar 2004.

F.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands.


Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.


Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfr.

I. FYLGISKJAL.

4. kafli Evrópsku fangelsisreglnanna

Part IV

Treatment objectives and regimes

64. Imprisonment is by the deprivation of liberty a punishment in itself. The conditions of imprisonment and the prison regimes shall not, therefore, except as incidental to justifiable segregation or the maintenance of discipline, aggravate the suffering inherent in this.
65. Every effort shall be made to ensure that the regimes of the institutions are designed and managed so as:
- a.* to ensure that the conditions of life are compatible with human dignity and acceptable standards in the community;
 - b.* to minimise the detrimental effects of imprisonment and the differences between prison life and life at liberty which tend to diminish the self-respect or sense of personal responsibility of prisoners;
 - c.* to sustain and strengthen those links with relatives and the outside community that will promote the best interests of prisoners and their families;
 - d.* to provide opportunities for prisoners to develop skills and aptitudes that will improve their prospects of successful resettlement after release.
66. To these ends all the remedial, educational, moral, spiritual and other resources that are appropriate should be made available and utilised in accordance with the individual treatment needs of prisoners. Thus the regimes should include:
- a.* spiritual support and guidance and opportunities for relevant work, vocational guidance and training, education, physical education, the development of social skills, counselling, group and recreational activities;
 - b.* arrangements to ensure that these activities are organised, so far as possible, to increase contacts with and opportunities within the outside community so as to enhance the prospects for social resettlement after release;
 - c.* procedures for establishing and reviewing individual treatment and training programmes for prisoners after full consultations among the relevant staff and with individual prisoners who should be involved in these as far as is practicable;
 - d.* communications systems and a management style that will encourage appropriate and positive relationships between staff and prisoners that will improve the prospects for effective and supportive regimes and treatment programmes.
67. 1. Since the fulfilment of these objectives requires individualisation of treatment and, for this purpose, a flexible system of allocation, prisoners should be placed in separate institutions or units where each can receive the appropriate treatment and training.
2. The type, size, organisation and capacity of these institutions or units should be determined essentially by the nature of the treatment to be provided.
3. It is necessary to ensure that prisoners are located with due regard to security and control but such measures should be the minimum compatible with safety and comprehend the special needs of the prisoner. Every effort should be made to place prisoners in institutions that are open in character or provide ample opportunities for contacts with the outside community. In the case of foreign nationals, links with people of their own nationality in the outside community are to be regarded as especially important.

68. As soon as possible after admission and after a study of the personality of each prisoner with a sentence of a suitable length, a programme of treatment in a suitable institution shall be prepared in the light of the knowledge obtained about individual needs, capacities and dispositions, especially proximity to relatives.

69. 1. Within the regimes, prisoners shall be given the opportunity to participate in activities of the institution likely to develop their sense of responsibility, self-reliance and to stimulate interest in their own treatment.

2. Efforts should be made to develop methods of encouraging co-operation with and the participation of the prisoners in their treatment. To this end prisoners shall be encouraged to assume, within the limits specified in Rule 34, responsibilities in certain sectors of the institution's activity.

